

**79. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 19. ágúst 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) Formaður, Hafdís Jónsdóttir
Áheyrnarfulltrúi, Kolbrún Sigurðardóttir Áheyrnarfulltrúi, Margrét Pála
Ólafsdóttir Embættismaður, Indriði Indriðason (II) Embættismaður, Helga Birna
Berthelsen (HBB) og Birna Benediktsdóttir (BB) aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. 1308023 - Skóladagatal 2013

Vegna breytinga sem orðið hafa á rekstri grunnskóla Tálknafjarðar vannst
ekki tími til að ljúka skóladagatalinu fyrr.
MPÓ og HBB fóru yfir skóladagatalið og kynntu það fyrir fundinum.
Framlagt skóladagatal staðfest.

Samþykkt samhljóða.

2. 1308024 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Framlögð er námsskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið til staðfestingar.
Samþykkt samhljóða.

Búið er að ráða í tvær og vegna fæðingarorlofa. Einnig er búið að ráða í
hálfu stöðu kennara á miðstig.

Margrét Pála Ólafsdóttir mun láta að störfum sem skólastjóri og mun Helga
Birna Berthelsen taka við sem skólastjóri.

Skólanefnd vill þakka Margréti Pálu fyrir einkar ánægjulegt samstarf og
óskar skólanefnd Margréti velfarnaðar í framtíðinni, og vonandi sjáum við
hana sem oftast hér á Tálknafirði.

Jafnframt vill skólanefnd bjóða Helgu Birnu velkomna til starfa.

3. 1308025 - Önnur mál.

Sveitarstjóri sagði frá því að ungir foreldrar hafa sýnt staðnum áhuga og
hefur þá grunnskólinn verið nefndur sem ein af helsta ástæða þess að
Tálknafjörður er álitinn sem ákjósanlegur búsetukostur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.10.
